

L Ö G

116
31. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1946.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1946 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Brynjólfur Bjarnason.

L Ö G

117
31. des.

um breyting á lögum nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. gr. laga nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, kemur svo hljóðandi málsgrein:

Á þennan sérstaka reikning skal og leggja 15% af andvirði útflutnings eftir á fyrir hvert ár. Skal það fé háð fyrirmælum þessara laga að öllu leyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.